

***Erindi Maríu Theódórsdóttur dags. 18. desember 2020 til íbúaráðs Kjalarness um hugmyndir að uppbyggingarverkefnum á Kjalarnesi.***

Bergvík 2 :: KRÍA Kaffihús og munasafn/diy aðstaða

KRÍA kaffihús + munasafn/aðstaða. Boðið upp á léttan mat og bakkelsi með nýtingu hráefnis af svæðinu (Stjörnugrís, Stjörnuegg, Matfugl og Bakki. Fleiri?) og sultur úr berjum hverfisins (sólber, stikkilsber, rifsber og hafþyrni seinna meir).


Bergvík 2 (Eyfahús, áður Víkurbraut 1A/1C) hefur staðið autt í nokkur ár og þarfnast viðhalds. Húsið hefur þjónustað ábúendur Kjalarness sem hæsnahús, smíðaverkstæði, geymsla fyrir verktaka og búnað björgunarsveitarinnar Kjölur, og auðvitað íbúðarhús. Búið er að skilgreina lóðamörk, hús skilgreint atvinnuhúsnæði. Nýjasta er að húsið sé ónýtt og er auglýst til sölu. Ég vil sjá að húsið fengið endurnýjun lífdaga, góða staðsetningin og útsýnið nýtt til að bæta við þjónustu til íbúa og vegfarenda á svæðinu. Sjósend, skólar og íþróttahús með Klébergslaug (útsýnissundlaug Reykjavíkurborgar) dregur til sín fólk. Kaffihús myndi fá það til að staldra lengur við og njóta þess sem Hofsvíkin gerir best: útsýni yfir Faxaflóann. Hundagerði styður einnig við þjónustu handa hundaeigendum. Svokallað munasafn (e. tool library) í líkingu við Reykjavík Tool Library með aðstöðu á vélaverkstæðis hluta hússins myndi stórbæta þjónustu við Kjalarnes svæðið. Auka á samfélagsmynd og samheldni með hringrásahagkerfi að leiðarljósi. Okkur á Kjalarnesi vantar samkomu stað þar sem gefst færi á að setjast niður og mynda tengsl. Esjuskáli býður ekki upp á að setjast niður og Fólkvangur nýtist til útleigu en ekki daglegar opnunar. Hreppurinn svokallaður er handhægur fyrir ýmis félög og starfsemi en ekki almenna og óvænta hópamýndun og kynni. KRÍA nafnið vísar til fyrrum merki Kjalarneshrepps þar sem kría var í forgrunni. Krían er harðger fugl sem ferðast langar vegalengdir. Á Kjalarnesi býr harðgert fólk og hingað flytjast líka einstaklingar og fjölskyldur sem koma langt að. Verkamenn í matvælaíðnaði frá hinum ýmsu löndum Evrópu og sömuleiðis hælisleitendur sem bíða þess að fá hér landvistarleyfi. Okkur vantar stað þar sem þessir menningarheimar geta komið saman og skapað tengsl. Þannig styrkist samfélagið, þannig víkkum við sjóndeildarhringinn. Hvar er betra en yfir mat og drykk? Kynnast matarmenningu, þróni og tónlist.



### Klébergslækur göngustígur

Hverfinu sárvantar fleiri göngustíga til að nýta betur það sem umhverfi Kjalarness hefur upp á að bjóða. Göngustígur meðfram Klébergslæk, hverfislæknum myndi bæta góðri tengingu milli sjávar og sveita. Stígur meðfram læknum frá sjó og upp með læknum myndi tengja saman sjósundsaðstöðu, Bergvík 2 kaffihús, hundagerði og barnalundinn ásamt því að tengjast og styrkja núverandi göngustígakerfi. Setja göngubrú inni í göturæsi við barnalund svo að göngustígur haldi áfram austan við Vesturlandsveg í Hofslandi gæti orðið frábær tenging milli sjávar og Esju, tengja við gömlu þjóðleiðina sem liggur í meðfram fjallshlíð. Tenging hverfis við fjall og Arnarhamarsrétt.

Höldum áfram að byggja upp göngustígakerfi, stígur í átt að Brautarholtsbeygju er frábær byrjun



## Aðgengi Blikdal

Kjalarnes svæði státar af besta útivistarsvæði borgarinnar en aðgengi er ábótavant. Í bakgarði Grundarhverfis er Blikdalur þar sem margir sækja sér ber á haustin eða fara í gönguferðir mest allt árið. Ef lagt væri vinnu og fjármagn í betra aðgengi frá Vesturlandsvegi að mynni dalsins og bílastæði með upplýsingaskiltum og kortum þá gæti skapast meiri aðsókn í þjónustu á Kjalarnesi: sundlaug og sjoppu. Ganga upp að Smábúfum, staldra svo við í Klébergslaug og jafnvel nýta göngustíga og fjöru. Versla í Esjuskála áður en haldið heim. Við þurfum alla þá punkta sem við getum nýtt til að fá fólk til að staldra við, skapa aðdráttarafl **BÆÐI FYRIR AÐKOMUFÓLK OG MÖGULEGA ÍBÚA SVÆÐIS.**

## Barnavagninn

Er hægt að fá þjónustu í takt við Pant, sérþjónustu Strætó bs fyrir hreyfihamlaða, fyrir barnafólk? Einhvers konar sérútbúinn strumpastrætó (Barnavagninn) sem væri með reglulegar ferðir, eða pöntunarkerfi líkt og með leið 29 (Grundarhverfi-Mosfellsbær) sem myndi koma til móts við fjölskyldufólk með ungbarnakerrur, barnavagna, ung börn í bílstólum? Slík þjónusta myndi auka aðdráttarafl hverfisins og stórbæta þjónustu við íbúa þess. Hverfið líður fyrir það að leið 57 í kerfi Strætó eru langferðabílar/rútur sem eru ekki með aðgengi fyrir barnavagna né barnabílstóla.



## Sjósundsstaða

Breyting á sjósundsstöðu norðan við Klébergshöfða, eða sunnan við hjá hreinsivirkinu neðan Fólkvangs. Núveandi aðstaða er ágæt til síns brúks en hvernig væri að fá aðlaðandi aðstöðu sem ýtir undir meiri aðsókn? Lítil en formfögur bygging sem inniheldur einfalda sturtu og smá afhengi. Einhvers konar aðgangsgjalds stýribúnaður líkt og með almennings salerni borgarinnar. Slík aðstaða myndi gera það að verkum að aðsókn í sjósund á Kjalarnesi væri ekki bundin við opnunartíma Klébergslaugar, og myndi jafnvel styðja við þjónustuna þar. Aðstaðan í Klébergslaug tekur ekki við miklum hópi fólks eins og er, komi hópur af sjósundsfólki þá skapast álag í Klébergslaug sæki þau þangað í sturtu og fataskipti. Bygging sem þessi (sjá mynd af áningarstað í Noregi, hannað af Haugen/Zohar arkitektum) myndi vera útibú Klébergslaugar, allur aðgangseyrir færi í rekstur og viðhald sjósundsbyggingar og Klébergslaugar.

Eflaust hægt að bjóða upp á einhvers konar aðgengispakka, árgjald eða slíkt sem ýtir undir ásókn.



Photos by Steinar Skaar via Dezeen

#### Fótabaðsaðstaða

Í fjörunni sunnan við Fólkvang, í áttina að heimkeyrslu að Skrauthólum/Sjávarhólum, er frárennislirör með skemmtilega möguleika. Hluti rörsins liggur lárétt í fjöruborðinu og væri kjörið sem fótabaðsaðstaða í líkingu við þá sem er við Gróttu á Seltjarnarnesi. Vissulega erum við ekki með heitavatns uppsprettu né borholu á þessu svæði, en hvar liggur veiturör Grundarhverfis? Meðfram Vesturlandsvegi, innan við 150 metra frá þessum stað. Við 2.áfanga framkvæmda við breikkun Vesturlandsvegjar væri hægt að skjóta hliðargrein niður að fjöruborði fyrir fótabað. Einfaldasta lausnin verði þetta framkvæmt, væri eflaust að hafa þetta sem kalt fótabað, sjóvatn eða frárennslisli úr fjalli. Þetta er í það minnsta stórskemmtilegur staður með mikið og fallegt útsýni til fjalls og yfir víkina til Reykjavíkur. Þessi staður (þar sem frárennslisstokkur er frá varnargarði) er innan við 350 metra frá núverandi áningarstað við Sjávarhóla.



